

1. OKTÓBER 2001



AFLAHEFTI
Fiskistofu

FISKVEIÐIÁRÍÐ 1. SEPTEMBER 2000 - 31. ÁGÚST 2001



Aflaheimildir

Í töflunni til hægri sést úthlutað aflamark fiskveiðiársins 2000/01 af tegundum sem bundnar voru aflamarki og afli sem krókabátum var áætlaður af sömu tegundum. Auk þessara tegunda eru veiðar á loðnu, úthafskarfa, Norður-íshafsporski, norsk-íslenski síld og rækju af Flæmingjagrunni bundnar aflamarki.

Veiðitímabil loðnu markast ekki af fiskveiðiári. Þess vegna kemur úthlutað aflamark í loðnu ekki fram í töflunni. Úthlutað aflamark í öðrum tegundum, sem veiðum er stjórnáð á í samvinnu við önnur ríki, er heldur ekki sett fram í töflunni þar sem veiðitímabil þeirra er annað en fiskveiðiárið.

Í dálkinum „sérstakar úthlutanir“ er aflamark sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar, aflamark til jöfnunar, bætur vegna skerðingar í innfjarðarækju og aflamark sem úthlutað var vegna rannsóknna, svo sem neta- og togararalls.

Aflaheimildir fiskveiðiárið 2000/01

Afli upp úr sjó – Pús. tonn

	Úthlutað aflamark	Aflamarksskip			Aflamark alls	Krókabátar Viðmiðun	Samtals
		Sérstakar úthlutanir	Frá fyrra ári				
Porskur	184,4	5,7	4,6	194,7	30,4	225,1	
Ýsa	26,7	0,4	1,3	28,4	3,0	31,4	
Ufsi	28,6	0,4	0,7	29,7	1,0	30,7	
Karfi	57,0	0,0	3,0	60,0		60,0	
Steinbítur	9,9	0,2	0,5	10,5	3,0	13,5	
Grálúða	20,0	0,0	0,0	20,0		20,0	
Skarkoli	4,0	0,0	0,2	4,2		4,2	
Pykkvalúra	1,4	0,0	0,0	1,4		1,4	
Langlúra	1,1	0,0	0,0	1,1		1,1	
Sandkoli	5,5	0,0	0,8	6,3		6,3	
Skrápflúra	5,0	0,0	0,3	5,3		5,3	
Síld	110,0	0,0	8,8	118,8		118,8	
Humar	1,4	0,0	0,0	1,4		1,4	
Rækja	27,1	0,1	3,7	30,9		30,9	
Hörpudiskur	9,3	0,2	0,3	9,9		9,9	

Afli eftir skipaflokkum

Taflan til hægri sýnir afla íslenskra skipa af öllum veiðisvæðum eftir skipaflokkum fiskveiðiárið 2000/01. Ef afli eftir skipaflokkum er borinn saman við aflaheimildir skipa í töflunni á fyrri síðu sést að afli í flestum tegundum, sem bundnar eru aflamarki, er svipaður og aflaheimildirnar. Fiskveiðistjórnunin miðaði við 225 þúsund tonna þorskafla innan fiskveiðilögsögunnar en aflinn varð 221,4 þúsund tonn. Þorskaflinn var því heldur minni en ráð var fyrir gert.

Í töflunni sést að rækjuafli af heimamiðum (úthafs-rækja og innfjarðarækja) fiskveiðiárið 2000/01 var aðeins 24,5 þúsund tonn. Aflaheimildir voru hins vegar 30,9 þúsund tonn, þar af 3,7 þúsund tonn aflaheimildir sem fluttar voru frá fyrra fiskveiðiári.

Í aflamarkskerfið er innbyggður sveigjanleiki sem gerir kleift, að ákveðnu marki, að færa aflaheimildir milli ára og milli tegunda. Það er því ólíklegt að afli í einstökum tegundum verði nákvæmlega jafn leyfilegum afla á fiskveiðiarinu.

Flokkun aflamarksskipa í togara, báta og smábáta byggir á stærð og gerð skipanna og helstu veiðiaðferð. Í töflunni eru t.a.m. talin til togara stór fjölveiðiskip sem beitt er jöfnum höndum til veiða með rækjuvörpu og til veiða uppsjávarfiska með nót og flotvörpu og skýrir það verulegan uppsjávarafla þessara „togara“. Skipting í báta og smábáta á aflamarki miðast við lengd bátanna. Bátar lengri en 15 m eru taldir „bátar“ en ef bátarnir eru styttri en 15 m þá teljast þeir „smábátar“.

Afli fiskveiðiárið 2000/01 eftir skipaflokkum

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarksskip			Krókabátar			Samtals
	Bátar	Togara	Smábátar	Króka-aflamark	Þorskafla-hámark	Sóknardagar	
Þorskur	84,7	79,2	18,8	0,3	28,8	9,7	221,4
Norðurishafsporskur	3,0	1,8	0,0	0,0	0,0	0,0	4,9
Ýsa	14,8	13,7	1,3	0,1	10,2	0,0	40,1
Ufsi	9,2	19,7	0,6	0,0	1,5	0,4	31,4
Karfi	6,1	52,6	0,1	0,0	0,4	0,0	59,1
Úthafskarfi	0,0	32,7	0,0	0,0	0,0	0,0	32,7
Steinbítur	5,1	2,7	0,5	0,0	9,8	0,0	18,0
Grálúða	0,4	19,9	0,0	0,0	0,0	0,0	20,3
Skarkoli	4,0	0,6	0,2	0,0	0,1	0,0	4,9
Annar flatfiskur	8,9	0,6	0,2	0,0	0,1	0,0	9,8
Annar botnfiskur	9,8	6,3	0,8	0,0	1,6	0,0	18,5
Samtals botnfiskur	146,0	229,8	22,4	0,4	52,3	10,2	461,2
Síld	83,3	17,7	0,0	0,0	0,0	0,0	101,0
Norsk-íslensk síld	58,0	20,8	0,0	0,0	0,0	0,0	78,8
Loðna	777,6	151,8	0,0	0,0	0,0	0,0	929,4
Kolmunni	232,8	90,3	0,0	0,0	0,0	0,0	323,1
Samtals uppsjávarf.	1.151,8	280,5	0,0	0,0	0,0	0,0	1.432,3
Humar	1,3	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	1,4
Rækja	10,2	13,3	1,1	0,0	0,0	0,0	24,5
Rækja af Flæmingjagrunni	0,0	5,9	0,0	0,0	0,0	0,0	5,9
Hörpudiskur	7,4	0,0	0,7	0,0	0,0	0,0	8,2
Annar afli	4,5	0,0	0,4	0,0	0,0	0,0	5,0
Heildarafli	1.321,3	529,4	24,8	0,4	52,3	10,2	1.938,5



Fimm fiskveiðiar

Afli í helstu fisktegundum

Í töflunni til hliðar kemur fram afli íslenskra skipa í helstu tegundum fiskveiðiarin 1996/97 til 2000/01.

Síðastliðin fimm fiskveiðiar hefur heildarafli íslenskra skipa árlega verið kringum tvær milljónir tonna. Mestur var aflinn fiskveiðiaríð 1996/97.

Ef loðnuleysisárin eru undanskilin þá var ársafli íslenskra skipa á bilinu 600–1.200 þúsund tonn á sjöunda áratug 20. aldar, 700–1.600 þúsund tonn á áttunda áratugnum, 1.400–1.700 þúsund tonn á níunda áratugnum og aflinn var á bilinu 1.500–2.200 þúsund tonn á tíunda áratugnum. Á þessum fjórum áratugum hefur ársafli tvöfaldast. Þannig var meðalársafli sjöunda áratugarins 865 þúsund tonn en meðalársafli síðasta áratugar aldarinnar var 1.711 þúsund tonn.


Aukinn afli af kolmunna er helsta skýring vaxandi afla síðustu fimm fiskveiðiará. Afli af kolmunna var aðeins 769 tonn fiskveiðiaríð 1995/96, en var 323 þúsund tonn á nýliðnu fiskveiðiarí. Súluritið að neðan sýnir þróun kolmunnaafans fiskveiðiarin 1996/97–2000/01.

Afli íslenskra skipa fiskveiðiarin 1996/97 – 2000/01

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00	2000/01
Porskur	203,9	227,8	254,8	255,7	221,4
Barentshafsporskur	19,8	5,9	1,4	3,6	4,9
Ýsa	49,7	37,8	45,3	41,3	40,1
Ufsi	37,4	32,7	30,8	29,8	31,4
Karfi	74,1	69,5	72,6	63,2	59,1
Úthafskarfi	34,3	48,6	42,4	48,4	32,7
Steinbítur	11,6	11,8	13,1	14,9	18,0
Grálúða	19,1	11,3	11,4	11,9	20,3
Skarkoli	10,5	8,2	7,5	5,0	4,9
Annar flatfiskur	17,1	13,4	11,9	9,4	9,8
Annar botnfiskur	19,8	33,0	21,9	20,9	18,5
Samtals botnfiskur	497,3	500,0	513,2	504,1	461,2
Síld	96,0	64,5	87,2	93,3	101,0
Norsk-íslensk síld	212,1	198,5	210,5	178,5	78,8
Loðna	1.282,7	831,0	782,1	875,6	929,4
Kolmunni	3,1	36,7	124,5	238,4	323,1
Samtals uppsjávarfiskur	1.593,9	1.130,7	1.204,2	1.385,8	1.432,3
Humar	1,2	1,4	1,3	1,3	1,4
Rækja	70,2	69,9	36,9	25,0	24,5
Rækja af Flæmingjagrunni	9,3	6,6	10,5	9,4	5,9
Hörpudiskur	9,2	10,6	9,1	9,2	8,2
Annar afli	4,2	10,1	6,7	3,8	5,0
Heildarafli	2.185,3	1.729,3	1.781,9	1.938,6	1.938,5

Kolmunnaafli fiskveiðiarin 1996/97 – 2000/01



Veiðarfæraskipting

Skipting afla eftir veiðarfærum

Taflan til hliðar sýnir skiptingu afla í tegundum sem bundnar eru aflamarki eftir helstu veiðarfærum fiskveiðiarin 1996/97 til 2000/01. Miðað er við þorskígildi aflans samkvæmt ígildisstuðlum hvers fiskveiðiárs.

Þorskígildi tegundar lýsir í meginráttum aflaverðmæti hennar. Upplýsingar í töflu ná til meira en 95% af verðmæti heildarafla þessara fiskveiðiára.

Að því er aflaverðmæti varðar er botnvarpan mikilvægasta veiðarfæri íslenskra skipa. Skyld veiðarfæri, eins og rækjuvarpa, humarvarpa og flotvarpa, eru flokkuð undir önnur veiðarfæri í töflunni og meirihluti þeirra 14% heildaraflans sem fengust í „önnur veiðarfæri“ var líka veiddur með togveiðarfærum. Helmingur af afla Íslendinga, miðað við þorskígildi, fæst við togveiðar.

Í þorskígildum talið veiddist aðeins 6,5% aflans í nót fiskveiðiárið 2000/01, en 13% fiskveiðiárið 1999/00. Samdráttur stafar afarið af helmings lækkun þorskígildisstuðla sildar og loðnu milli þessara fiskveiðiára. Afli veiddur í nót var 926 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2000/01 en var 719 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 1999/00.

Veiðarfæraskipting afla íslenskra skipa fiskveiðiárin 1996/97 – 2000/01


Þorskígildi %	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00	2000/01
Botnvarpa	38,1%	36,5%	42,2%	41,0%	41,5%
Dragnót	5,2%	6,4%	5,2%	4,7%	5,8%
Handfæri	4,2%	4,1%	3,0%	3,2%	3,7%
Lína	7,6%	8,4%	11,3%	13,3%	15,8%
Net	8,5%	9,9%	8,4%	9,2%	12,5%
Nót	17,7%	10,3%	13,5%	13,0%	6,5%
Önnur veiðarfæri	18,7%	24,4%	16,4%	15,6%	14,2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda

Í meðfylgjandi kökuritum er sýnd veiðarfæraskipting afla helstu botnfisktegundanna fiskveiðiárið 2000/01. Veiðar nokkurra fisktegunda eru bundnar tilteknum veiðarfærum. T.a.m. voru 72% heildarafla í kola tekin í dragnót.

Afli veiddur á línu hefur farið vaxandi á síðustu árum. Lína er t.d. helsta veiðarfærið við veiðar á steinbít. Þorskur og ufsi vega hins vegar meira í afla sem veiðist í net og í botnvörpu.

Afli í helstu tegundum botnfiska skipt eftir veiðarfærum fiskveiðiárið 2000/01



Afli krókabáta

Í meðfylgjandi töflu og súluritum er sýnd þróun afla krókabáta sem hlutfall af heildarafla helstu botnfisktegunda og magn afla þeirra fiskveiðiárin 1996/97 til 2000/01.

Hlutfall afla krókabáta af heildarafla í þorski hefur verið nokkuð stöðugt síðustu fimm fiskveiðiár. Á því tímabili hefur meirihluti krókabáta verið bundinn þorskaflahámarki eða aflapaki í þorski. Sókn krókabáta í aðrar aflamarkstegundir en þorsk hefur hins vegar vaxið verulega síðustu ár. Þannig hefur hlutfall krókabáta í ýsuafla aukist úr 5,2% fiskveiðiárið 1996/97 í 25,7% á nýliðnu fiskveiðiári.

Hlutfall krókabáta í heildarafla einstakra fisktegunda hefur ekki aðeins aukist í kvótabundnum tegundum. T.a.m. juku krókabátar hlutfeld sína í keiluaflanum úr 7,9% fiskveiðiárið 1996/97 í 24,5% á fiskveiðiárinu 2000/01. Nokkur hlutfallsaukning var einnig í tindaskötu- og lönguaflla.


Súluritin sýna hlutfall afla krókabáta af heildarafla þorsks, ýsu, löngu, keilu og steinbíts.



Afli krókabáta upp úr sjó (óslægt) fiskveiðiárin 1996/97 – 2000/01

Pús. tonn	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00	2000/01
Þorskur	40,5	39,6	39,0	41,4	38,8
Ýsa	2,6	4,6	7,2	8,3	10,3
Ufsi	2,0	2,0	1,7	1,5	1,9
Karfi	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4
Langa	0,2	0,3	0,3	0,3	0,4
Keila	0,4	0,5	0,4	0,5	0,9
Steinbítur	3,0	4,4	5,1	6,9	9,8
Tindaskata	0,1	0,2	0,2	0,1	0,2
Skarkoli	0,1	0,0	0,0	0,1	0,1
Annað	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3
Samtals	49,4	52,2	54,7	59,7	63,0

Hlutfall afla krókabáta af heildarafla nokkurra fisktegunda fiskveiðiárin 1996/97 - 2000/01



Flutt milli fiskiskipa

Flutningur aflahlutdeilda og aflamarks

Taflan til hægri sýnir flutning aflahlutdeilda milli skipa fiskveiðiarín 1996/97 til 2000/01. Fiskveiðiaríð 1999/00 var aflahlutdeild krókabáta í þorski í fyrsta sinn talin með í heildaraflahlutdeild og skýrir það að mestu aukinn flutning aflahlutdeilda síðustu tvö fiskveiðiarí.

Flutningur aflamarks milli skipa var svipaður í flestum tegundum fiskveiðiaríð 2000/01 og fiskveiðiaríð 1999/00. Í töflu að neðan eru tölur um flutning aflamarks á nýliðnu fiskveiðiarí og heildartölur um flutning aflamarks árið áður.

Taflan er að þessu sinni nokkuð frábrugðin töflu í Aflahefti Fiskistofu í fyrra. Um mánaðamótin maí/júní 2001 var Kvótapiing lagt niður. Flutningur aflamarks milli skipa í eigu óskyldra aðila, sem átti sér stað á fiskveiðiaríinu eftir að Kvótapiing var lagt niður, er í þriðja töludálki töflunnar. Þar er einnig flutningur aflamarks tegunda sem undanþegnar voru viðskiptaskyldu á Kvótapiingi. Flutt aflamark af

Flutningur aflahlutdeilda milli fiskiskipa fiskveiðiarín 1996/97 – 2000/01

	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00	2000/01
Porskur	11,8%	31,3%	12,7%	21,8%	24,0%
Ýsa	11,2%	27,9%	12,2%	15,5%	17,1%
Ufsi	10,0%	28,8%	11,5%	13,9%	12,4%
Karfi	5,9%	30,6%	4,4%	10,8%	13,2%
Steinbítur	18,4%	43,0%	13,5%	25,1%	31,5%
Grálúða	8,1%	34,7%	3,5%	11,2%	19,3%
Skarkoli	11,5%	24,8%	14,0%	21,6%	20,9%
Pykkvalúra	0,0%	0,0%	0,0%	16,0%	23,8%
Langlúra	3,8%	9,9%	19,8%	15,8%	12,4%
Sandkoli	0,0%	20,9%	7,3%	21,1%	39,4%
Skráplúra	0,0%	23,7%	13,5%	9,6%	20,9%
Síld	16,7%	28,8%	17,7%	17,6%	37,8%
Loðna	3,8%	21,0%	18,0%	6,4%	12,6%
Humar	20,9%	19,2%	12,1%	12,4%	16,9%
Úthafs-rækja	20,2%	44,4%	28,1%	27,0%	23,5%

HLutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

loðnu, Norðurishafsporski, innfjarðarækju og hörpudiski í þriðja dálki var allt af þeim toga.

Flutningur aflamarks fiskveiðiaríð 2000/01

	Milli skipa í eigu sama aðila	Jöfn skipti	Milli skipa í eigu óskyldra aðila	Viðskipti á Kvótapiingi 1.9.2000–31.5.2001	Fiskveiðiaríð 2000/01 Flutningur samtals	Fiskveiðiaríð 1999/00 Flutningur samtals
Porskur	32.594	4.701	16.582	29.301	83.179	75.954
Ýsa	6.812	1.476	3.143	3.488	14.920	17.869
Ufsi	7.997	2.143	2.479	1.998	14.618	14.336
Karfi	14.877	3.852	3.454	3.662	25.845	33.286
Steinbítur	4.245	628	2.205	1.857	8.935	7.968
Úthafskarfi	7.584	0	3.953	96	11.634	8.070
Grálúða	9.037	1.408	2.705	518	13.667	6.586
Skarkoli	899	572	811	967	3.248	3.013
Pykkvalúra	265	49	247	128	688	594
Langlúra	269	77	152	71	569	517
Sandkoli	2.420	416	1.355	466	4.657	6.989
Skráplúra	1.728	453	1.607	490	4.277	4.270
Síld	45.273	14.491	5.279	18.530	83.573	65.563
Loðna	133.368	0	119.641	0	253.009	207.065
Humar	109	28	138	5	280	202
Úthafs-rækja	14.983	2.265	13.777	2.550	33.575	26.339
Flæmingjarækja	1.448	495	213	986	3.142	6.322
Norskur þorskur	541	0	3.270	0	3.811	2.789
Rússn. þorskur	561	0	3.372	0	3.933	2.174
Innfjarðarækja	63	0	341	0	404	534
Hörpudiskur	1.598	0	3.303	0	4.901	2.674

Ofangreindar tölur miðast við lestir. Aflamark miðast við slæggðan fisk þar sem við á. Um veltutölur er að ræða.





AFLAHEFTI Fiskistofu

Hér eru teknar saman bráðabirgðatölur um veiðar og afla Íslendinga á nýliðnu fiskveiðarári og samanburður gerður við fyrri fiskveiðarár. Þessar tölur kunna að breytast þegar endanlegar tölur Hagstofu um afla liggja fyrir síðar. Vakin er sérstök athygli á að aflatölurnar miðast við fiskveiðarár, þ.e. tímabilið 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.



F I S K I S T O F A

Ingólfsstræti 1 IS-101 Reykjavík

Sími: 569 7900 Fax: 569 7991

www.fiskistofa.is